

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 8. apríl 2013 frá klukkan 16:00-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Bryndís Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Guðmundur Stefán Gunnarsson fulltrúi kennara í stað Sólveigar Silfár Karlsdóttur sem boðaði forföll, Birna Ósk Óskarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Guðmunda Hergeirsdóttir fulltrúar foreldra, Vignir Örn Ágústsson og Gabríel Mattía Luppi, fulltrúar nemenda. Magnús Pálsson fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll.

Dagskrá:

- Smávægileg breyting á skóladagatali ársins
- Kynning á helstu niðurstöðum úr foreldrakönnun skólapúlsins
- Skóladagatal 2013-2014 og skipulag næsta skólaárs
- Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Smávægileg breyting á skóladagatali ársins

Sigurbjörg óskaði eftir því að skólaráð samþykkti breytingar á skóladagatali skólans. Breytingin felst í því að færa samtalsdaginn sem vera átti 30. apríl til mánudagsins 22. apríl. Ástæðan er að 22. apríl verður námskeið í speglaðri kennslu sem kennarar Akurskóla hafa sýnt mikinn áhuga á að sækja. Guðmunda koma með ábendingu um að leikskólinn Holt hefði verið í samstarfi við skólann með 30. apríl og Sigurbjörg ætlar að tala við Kristínu leikskólastjóra á Holti. Tillagan var samþykkt.

Kynning á helstu niðurstöðum úr foreldrakönnun skólapúlsins

Sigurbjörg kynnti fyrir fundarmönnum niðurstöður úr foreldrakönnun skólapúlsins. Í samantektinni kom fram að foreldrar skólans telja styrkleika skólans koma fram í stjórnun, hæfilegum aga, ánægju með samsetningu á námsmati, litlu einelti og mikilli ánægja með vinnslu

þeirra mála sem upp koma. Ánægja er með aðstöðu í skólanum, frístundaskólann og hve margir nemendur eru með einstaklingsáætlanir og þátttöku foreldra í þeim. Einnig voru foreldrar ánægðir með frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi og áhrif þeirra á ákvarðanir sem snerta barnið t.d. námsáætlanir. Heimavinna var talin hæfileg og foreldrar lýstu ánægju með heimasíðu skólans.

Veikleikar komu fram í því að skólinn mætti ekki þörfum nemandans og sérkennsla og stuðningur væri ekki talin fullnægjandi. Einnig kom fram að skólinn þyrfti betur að huga að líðan nemenda og að mikill tími foreldra færi í að aðstoða við heimanám. Væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna var undir meðaltali sem og menntunarstig foreldra. Sálfræðiþjónustu skólans mátti einnig bæta að mati foreldra.

Skóladagatal 2013-2014 og skipulag næsta skólaárs

Sigurbjörg fór yfir skóladagatal næsta skólaárs en fundarmenn höfðu fengið það sent með fundarboði og var það samþykkt og verður lagt fyrir fræðsluráð.

Önnur mál

- Sigurbjörg sagði frá því að nemendur hefðu óskað eftir leyfi til að leigja limmósínu fyrir árshátíð grunnskóla Reykjanesbæjar. Því var hafnað og nemendum tjáð að skólinn greiddi fyrir rútu frá skólanum að Stapa.
- Guðmunda spurði út í samkennslu á næsta ári og sagði Sigurbjörg að samkennsla árganga yrði líklega tekin af en samkennsla innan árganga yrði viðhöfð.

Fundargerð þessa ritaði

Bryndís Guðmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla